

## **Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 12. desember 2017 kl. 13.00-14.00 í Nýja Garði**

Mætt voru: Guðmundur Hálfðanarson (formaður, sem stjórnaði fundi), Auður Hauksdóttir (SVF), Sveinn Yngvi Egilsson (B&L), Rannveig Sverrisdóttir (MVS), Ragnheiður Kristjánsdóttir (SAGN), Rúnar Már Þorsteinsson (GUÐ), Sigríður Þorgeirsdóttir (HEIM), Vilhjálmur Árnason (SIÐ), Gústav Adolf Sigurbjörnsson (DOKT), Margrét Guðmundsdóttir og Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð). Valur Ingimundarson (EDDA) boðaði forföll.

### **Fundargerð**

1. *Fundargerð síðasta fundar*: Samþykkt, með nauðsynlegum nafnabreytingum í mætingarlista.

2. *Úthlutun úr Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar*: MG kynnti yfirlit yfir umsóknir og tillögu að úthlutun. Einróma samþykkt að veita styrki upp á um 6 milljónir króna (sjá viðhengi með yfirliti yfir úthlutun).

3. *Endurskoðun á framlögum til rannsóknastofnana og yfirlit styrkja 2015-2016*: ESS kynnti yfirlit yfir styrki í bókhaldi stofnana árin 2015 og 2016 og fyrstu drög að skiptingu mótframlaga sem skipt er á stofnanir (miðað við óbreytt heildarframlag til stofnana upp á um 20 milljónir). GH sagði að niðurskurður á framlögum til stofnana væri talsverður og það væri nauðsynlegt að mæta honum með einhverjum aðgerðum. Stefnt væri að því að sviðið kæmi til móts við verkefnisstjóra sem afla stórra styrkja með því að taka aftur upp styrki til þeirra skv. endurskoðuðu kerfi. Endurskoða þurfi styrki Rannsóknasjóðs eftir áramótin og eins verði að setja þak á kostnað við einstaka verkefni, sérstaklega vegna útgáfu. GH lagði fram tillögu að ályktun um almenna varúðarreglu. Eftir umræðu var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Árið 2017 lækkuðu framlög til stofnana Hugvísindasviðs um ríflega helming frá því sem verið hafði um árabil. Fyrirsjáanleg er svipuð staða árið 2018 og jafnvel næstu ár. Í ljósi þess er nauðsynlegt að stofnanir sýni ítrasta aðhald og fari yfir allar áætlanir sínar. Þær ber að endurskoða með tilliti til breyttrar fjárhagsstöðu, enda er stofnunum óheimilt að efna til útgjalda öðruvísi en ljóst sé að fjárhagslegur grundvöllur sé fyrir hendi. Þetta á við um alla fyrirhugaða útgáfu og ráðstefnur, sem og önnur verkefni.

4. *Vísindanefnd HÍ*: GH sagði frá áætlun um að skipa vísindanefnd Hugvísindasviðs. Tillagan hefði þegar verið rædd í sviðsstjórn. Í nefndinni munu sitja fulltrúar allra deilda og fulltrúi doktorsnema og verður hún sviðsforseta til ráðgjafar. RK, varamaður í Vísindanefnd HÍ, studdi tillöguna m.a. á þeirri forsendu að oft vantaði stuðning sviðs vegna mála í vísindanefndinni. Hún sagði líka að ekkert hefði enn verið ákveðið með breytingar á styrkjum til doktorsnema innan HÍ, sem hefur annars verið til umræðu í vísindanefnd.

6. *Önnur mál*: ESS sagði að undirbúningur útgáfu ritsins í opnum rafrænum aðgangi væri vel á veg kominn. Eins væri undirbúningur Hugvísindafþings í góðum farvegi og staðfest að Marina Warner muni opna þingið með hátíðarfyrirlestri.

Fundi slitið kl. 14.00

Yfirlit yfir úthlutun úr Rannsóknasjóði, alls að hámarki kr. 5.965.000:

Umsækjandi	Flokkur	Lýsing	Hámark
B&L	4-útgáfa	Tveir styrkir v/3 bóka 2017: Örlagasaga Eyfirðings, Orðaskil, Tracks in Sand	400.000
EDDA	1-ráðstefna	„Femínísk andspyrna gegn uppgangi þjóðernishyggju og popúlísma“ í okt. 2017	300.000
Guðfr.st.	4-útgáfa	Ritröð Guðfræðistofnunar 2017, 2 hefti	400.000
Heimsp.st.	3-fræðimaður	Tom Digby - vorið 2018	100.000
Heimsp.st.	1-ráðstefna	COST-samstarfsnetsins „New Materialism: Networking European Scholarship on 'How Matter Comes to Matter' - apríl 2018	300.000
Heimsp.st.	3-fræðimaður	Timothy Morton erindi á málþingi sem hverfist um kenningar hans í feb. 2018.	Falli undir 1. lið, 300.000
Heimsp.st.	1-ráðstefna	Who's Got The Power í okt. 2017	300.000
Heimsp.st.	4-útgáfa	Veruleiki og frelsi og Heimur skynjunarinnar	400.000
Málvís.st.	1-ráðstefna	NELS haldin 27.-29. okt. 2017	300.000
Málvís.st.	4-útgáfa	Approaches to Nordic and Germanic Poetry	200.000
Málvís.st.	1-ráðstefna	Ólafsping haldið 21. október 2017 í samvinnu við Mál og saga	125.000
Námsgr. ísl.	1-ráðstefna	40 ára afmælishátíð í samvinnu við Samtök móðurmálskennara í sept. 2018	125.000
RIKK	2-málþing	Að taka kyn með í umhverfisreikninginn: Alþjóðlegt mat Umhverfisstofnunar SP á stöðu kynjanna, 24. apríl 2017	50.000, hafi RIKK borið kostnað
RIKK	2-fyrirl.röð	Fyrirlestraröð RIKK á haustmisseri 2017	50.000
RÍM	1-ráðstefna	Málþing um máltileikun: Íslenska sem annað og erlent mál. - Haldið í samvinnu við Árnastofnun	300.000
Sagnfr.st.	1-ráðstefna	Málþing til heiðurs Önnu Agnarsdóttur 13. maí 2017	125.000
Sagnfr.st.	3-fræðimaður	Timothy Snyder, Minningarfyrirlestur JS	100.000
Sagnfr.st.	4-útgáfa	Childhood, youth and upbringing in the Age of Absolutism og Líftaug landsins	400.000
Sagnfr.st.	1-ráðstefna	Ím tengsl Íslands og Grænlands, samvinna margra	300.000
Síðfr.st.	3-fræðimaður	Johannesar JM van Delden, vorið 2018	100.000
Ítalska	1-ráðstefna	“Sponde, confini, trincee: l'Italia nell'Europa post-1918“ 7.-8. júní 2018	300.000
SVF	1-ráðstefna	PRISEAL 4 14.-16. sept. 2018	300.000
SVF	3-fræðimaður	Dianna Niebylski í maí 2018	100.000
SVF	4-útgáfa	Frá Púshkín til Pasternaks: Kennslubók í rússneskum bókmenntum og Milli mála 2016	400.000
SVF	4-útgáfa	Milli mála 2015, sótt um v/rangra uppl. í síðustu umsókn	190.000